


HAMPIÐJAN

Ágæti viðtakandi!

TANKFERÐ 28 NÓVEMBER – 2. DESEMBER 2017

Hampiðjan stendur fyrir hópferð í tilraunatankinn í Hirtshals í Danmörku.



Lögð verður áhersla á að skoða það nýjasta í togveiðarfærum, jafnt botntrollum, flottrollum sem og hlerum. Á milli þess sem veiðarfærin eru skoðuð, verða haldnir fyrirlestrar og fræðslufundir um tengd efni.

Ferðatilhögun:

Flogið verður frá Keflavík þriðjudaginn 28. nóvember kl. 14:15 með flugi númer FI 212. Lent í Kaupmannahöfn kl. 18:15. Áframflug með SK 1221 til Álaborgar kl. 20:50, landing kl. 21:35. Þaðan verður farið með rútu til Montra Skaga Hotel í Hirtshals.

Aðaldagskráin fer síðan fram dagana 29. nóvember til 1. desember í „Nordsjöcenter“ í Hirtshals. <http://www.sintef.dk>

Síðdegis föstudaginn 1. desember verður ekið frá Hirtshals til Álaborgar og þaðan flogið til Kaupmannahafnar með flugi númer SK 1210. Brottför er klukkan kl. 16:00 og landing í Kaupmannahöfn kl. 16:45. Gist verður á Marriott hotel.

<http://www.copenhagenmarriott.dk/>

Flogið verður til Íslands með flugi FI 205 laugardaginn 2. des. Brottför er klukkan 12:55 með komutíma í Keflavík kl. 15:10.

Ef menn vilja er hægt að fara áfram til Íslands á föstudagskvöldi eða framlengja ferðina og vera lengur í Kaupmannahöfn.

Hampiðjan bókar hótélherbergi, flug og rútur. Kostnaður á hvern þátttakanda er 255.000 krónur. Innifalið flug, hótél í Hirtshals og ein nótt í Kaupmannahöfn, matur í tanknum, rútuferðir og hlutdeild í tankgjaldi.

Í þeim tilgangi að vanda enn frekar skipulag og frágang tankferðarinnar sendum við hér áfast skráningareyðublað. Biðjum við væntanlega þátttakendur að fylla út eyðublaðið og faxa það til Hampiðjunnar, faxnúmerið er 530 3309.

Eins má senda eyðublaðið í tölvupósti til: hampidjan@hampidjan.is Skilafrestur er til 17. október 2017. Starfsmenn Hampiðjunnar munu ganga frá bókunum eftir að þáttökugjald hefur verið greitt.

Með von um góða þátttöku,

HAMPIÐJAN

HAMPIÐJAN

SKRÁNINGAREYÐUBLAÐ FYRIR TANKFERÐ

HIRTSHALS 2017

NAFN _____

KENNITALA _____ SÍMI _____

STARFSHEITI _____

NAFN ATVINNUREKANDA _____

KENNITALA ATVINNUREKANDA _____

HEIMFERÐ FRÁ KAUPMANNAHÖFN _____

SENDIST Á FAXNÚMÉR 530 3309 eða
með tölvupósti til: hampidjan@hampidjan.is